

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

## ÁRSSKÝRSLA 2022

1.	SAGA NEFNDARINNAR OG SAMKOMULAG UM TILVIST HENNA	1
2.	STARFSEMI NEFNDARINNAR Á ÁRINU 2022	3
2.1	NÖFN VARNARAÐILA OG FJÖLDI MÁLA SEM ÞÁ VARÐAR	4
2.2	NEFNDARMENN, FJÖLDI ÚRSKURÐA ÞEIRRA OG SÉRSTAKAR VANHÆFISÁSTÆÐUR	5
2.3	FJÖLDI ÚRSKURÐA (DEILUMÁLA) OG TEGUND KVARTANA SEM ÞEIR TENGJAST	5
2.4	FJÖLDI MÁLA ÞAR SEM HÆTT VAR VIÐ OG ÁSTÆÐUR ÞESS	5
2.5	FJÖLDI ÚRSKURÐA EFTIR VÁTRYGGINGARTEGUNDUM OG SAMANBURÐUR VIÐ ÚRSKURÐI FYRRI ÁRA	5
2.6	ALGENG DEILUMÁL MILLI NEYTENDA OG VARNARAÐILA Í ÚRSKURÐUM 2022	7
2.6.1	Ábyrgðartryggingar – skilyrði skaðabótaábyrgðar - vinnuslys	7
2.6.2	Lögboðnar ökutækjatrýggingar – sakarskipting og orsakatengsl vegna ætlaðra líkamstjóna	8
2.6.3	Fjölskyldu- og fasteignatrýggingar	8
2.7	FJÖLDI MÁLA VEGNA FRÁVÍSUNAR OG ÁSTÆÐUR FRÁVÍSUNAR	9
2.8	FJÖLDI MÁLA ÞAR SEM ÚRSKURÐAÐ ER MÁLSKOTSAÐILA Í VIL AÐ HLUTA EÐA Í HEILD EÐA VARNARAÐILA Í VIL ÁSAMT NIÐURFELLDUM MÁLUM	9
2.9	MEÐALLENGD MÁLSMEÐFERÐAR	9
2.10	Í HVE MIKLUM MÆLI FARIÐ ER EFTIR ÚRLAUSNUM ÚRSKURÐARNEFNDARINNAR, NÖFN ÞEIRRA VARNARAÐILA SEM EKKI HLÍTA ÚRSKURÐUM	10
2.11	ÞÁTTTAKA Í SAMSTARFSNETUM ÚRSKURÐARAÐILA UTAN DÓMSTÓLA SEM GREIÐA FYRIR LAUSN DEILUMÁLA YFIR LANDAMÆRI	11
3.	LOKAORÐ	11

### 1. SAGA NEFNDARINNAR OG SAMKOMULAG UM TILVIST HENNA

Samkomulag um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum var fyrst gert í september árið 1994 með samkomulagi stjórnvalda (þá viðskiptaráðuneytisins), Neytendasamtakanna og samtaka vátryggingafélaga (þá Sambands íslenskra tryggingafélaga). Umrætt samkomulag hefur verið endurnýjað reglulega síðan og aðilar þess eru nú fjármála- og efnahagsráðuneytið, Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja.

Vistun nefndarinnar var lengst af hjá Fjármálaeftirlitinu, síðar Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Hinn 31. desember 2021 var gerð sú breyting að Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja tóku að sér vistun nefndarinnar frá 1. janúar 2022 með stofnun sérstaks félags um starfsemina. Einn starfsmaður sinnir móttöku málskóta og samskiptum við málskotsaðila og varnaraðila varðandi gagnaöflun og tilkynningar um úrskurði. Nefndin er vistuð á skrifstofu Neytendasamtakanna og er nefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vistuð á sama stað.

Í sögulegu samhengi má benda á að fyrstu árin var ekki sérstaklega kveðið á um tilvist nefndarinnar í lögum. Með setningu laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (VSL) varð hins vegar breyting þar á. Í þágildandi 141. gr. VSL kom fram að með tilvísun til úrskurðarnefndar í þeim lögum væri átt við úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem starfaði skv. áður nefndu samkomulagi þá viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Sambands Íslenskra tryggingafélaga og samþykktum fyrir hana sem skyldi birta í B-deild Stjórnartíðinda og var það gert með auglýsingu nr. 1090/2005 hinn 12. desember 2005. Þær samþykktir giltu allt til 31. desember 2021.

Með lögum, nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB um lausn deilumála neytenda utan dómstóla innleidd ásamt breytingu á reglugerð EB nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB, svonefndri ADR tilskipun. Lögin fólu auk þess í sér heildarendurskoðun á lagaúrræðum til lausnar á einkaréttarlegum ágreiningi á sviði neytendamála.<sup>1</sup>

Lögin gera ráð fyrir því að ráðherra geti viðurkennt sérstaklega úrskurðaraðila skv. 8. gr. og hefur úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fengið slíka viðurkenningu skv. skrá ráðherra skv. 1. mgr. 12. gr. laganna en hún er birt á heimasíðu stjórnarráðsins.<sup>2</sup>

Í núgildandi lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er ekki lengur kveðið sérstaklega á um tilvist úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, en í ýmsum núgildandi ákvæðum laganna er kveðið á um rétt til að leggja tiltekin ágreiningsmál fyrir úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. lög nr. 19/2021 um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda).

Núgildandi samþykktir úrskurðarnefndar í váttryggingamálum gilda um starfsemi nefndarinnar og eru þær birtar á heimasíðu nefndarinnar [www.nefndir.is](http://www.nefndir.is)<sup>3</sup>

Í 1. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin starfi á grundvelli þeirra, sem jafnframt feli í sér samning milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja. Einnig kemur fram að váttryggingafélög eða aðrir dreifingaraðilar váttrygginga auk tjónsuppgjörsmiðstöðva, sem ekki eru aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja geti óskað eftir því að gerast aðilar að samningnum og þannig öðlast aðild að nefndinni.

Einnig kemur fram í 1. gr. samþykktanna að tilgangur nefndarinnar sé „...að gefa þeim málskotsaðilum sem telja sig eiga rétt til bóta eða eiga annarra lögvarinna hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings möguleika á ódýrri, faglegrri og skilvirkri meðferð í málum er varða ágreining milli váttryggingafélags og málskotsaðila um váttryggingarsamning, í samræmi við samþykktir þessar, lög um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála nr. 81/2019, og reglugerð um viðurkenningu frjálsra úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 900/2019.“

Starfssvið nefndarinnar, skv. 1. mgr. 3. gr. sömu samþykta, nær til mála „...sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr.“ Í þeim málsgreinum kemur fram að nefndin fjalli um „...ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, og laga um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019.“

Einnig fjallar nefndin um ágreining um fjárhæðir með samþykki varnaraðila, þó þannig að neytanda er heimilt án slíks samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir að lágmarki 25.000 kr. en að hámarki 5.000.000 kr.


<sup>1</sup> Frumvarp til laga nr. 81/2019 Inngangskafli <https://www.althingi.is/altext/149/s/1062.html>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/neytendamal/vidurkenndir-og-logbundnir-urskurdaradila-a-svidi-neytendamala/>

<sup>3</sup> <https://nefndir.is/wp-content/uploads/2022/01/17.1.2022-Samthykktir-urskurdarnefndar-vatrygginga.pdf>

Í 4. gr. samþykktanna er tilgreint hvað nefndin fjallar ekki um, nánar tiltekið frávísunarástæður. Þar má nefna meðal annars ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms eða ágreiningsmál sem eru til meðferðar hjá öðrum lögbundnum eða viðurkenndum úrskurðaraðila sem hefur verið skráður og tilkynntur skv. 1. mgr. 12. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019.

Málskot til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum á árunum 1994-2022 eru samtals 10.117 talsins og hefur málafjöldi haldist svipaður síðustu árin eins og neðangreind tafla sýnir.



Á fyrstu árum nefndarinnar voru flest málin tengd ágreiningi um sakarskiptingu í árekstrarmálum en hægt og bítandi hafa fleiri tegundir ágreiningsmála farið fyrir nefndina eins og sjá má af tölfræði árunna 2020-2022 í kafla 2.5.

Með breytingum á samþykktum nefndarinnar árið 2005 var starfssvið nefndarinnar útvíkkað þannig að nefndin fjallaði ekki eingöngu um ágreining um bótaskyldu og sök og sakarskiptingu heldur einnig um ágreining sem tengdist ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Hinn 1. janúar 2022 víkkaði starfssvið nefndarinnar meira út þannig að nefndin fjallar auk þessa um ágreining um bótafjárhæðir innan fyrrnefndra fjárhæðamarka án þess að varnaraðili þurfi að samþykkja að nefndin geri það, auk þess sem ágreiningur sem varðar lög um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 fellur undir starfssviðið og annar ágreiningur sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi.

Þetta þýðir að starfssvið nefndarinnar frá 1. janúar 2022 tekur til nær alls ágreinings sem neytendur eða aðrir málskotsaðilar geta átt í við váttryggingafélög eða aðra varnaraðila sem geta verið tjónsuppgjörsmiðstöðvar og aðrir dreifingaraðilar, sbr. lokamálsgrein 2. gr. samþykpta nefndarinnar.


## 2. STARFSEMI NEFNDARINNAR Á ÁRINU 2022

Eins og fram hefur komið urðu í byrjun árs 2022 breytingar á vistun nefndarinnar þannig að Fjármálaeftirlit Seðlabankans hætti að vera vistunaraðili og þurfti að koma nefndinni fyrir á öðrum stað með tilheyrandi aðlögun vegna húsnæðis, tölvukerfis og þess háttar. Við aðlögun þessa var gert hlé á starfsemi nefndarinnar í þeim skilningi að reglulegir nefndarfundir féllu niður í um fimm vikur, allan janúar og fram í byrjun febrúar 2022. Nefndin hélt eftir það samtals 37 fundi á tímabilinu 8. febrúar til 20. desember 2022.

Í 13. gr. samþykktu nefndarinnar kemur fram að málskotsaðili skuli greiða málskotsgjald til nefndarinnar. Fjárhæð málskotsgjalds er mismunandi eftir því hvort málskotsaðili er einstaklingur utan atvinnurekstrar eða ekki. Eins og fram kemur hér að ofan bárust nefndinni samtals 435 málskot á árinu 2022. Af þeim voru 404 málskot frá einstaklingum utan atvinnurekstrar, þrjú málskot bárust frá einstaklingum í atvinnurekstri og 28 málskot bárust frá lögaðilum.

Til upplýsinga má einnig nefna að lausleg athugun á umfangi gagna sem fylgja hverju máli sýnir að meðalfjöldi blaðsíðna er um 60 fyrir hvert mál. Það þýðir að á bak við 404 úrskurði nefndarinnar vegna ársins 2022 er um 24.000 blaðsíðna lestur.

Einnig er vert að nefna að fjöldi úrskurða ársins 2022 þar sem lögmaður gætti hagsmuna málskotsaðila var 274 eða um 68%. Þátttaka lögmannna í málskotum hefur verið vaxandi síðustu ár eins kemur hér fram í töflu vegna árana 2017-2022.



## 2.1 NÖFN VARNARAÐILA OG FJÖLDI MÁLA SEM ÞÁ VARÐAR

Eftirfarandi váttryggingafélög eru aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja og eru þannig aðilar samnings sem vísað er til í 1. gr. samþykktu um nefndina. Fjöldi málskota ársins 2022 var eins og áður segir samtals 435 talsins en þau tengdust þesum váttryggingafélögum með eftirfarandi hætti:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	samtals 162 málskot.
TM tryggingar hf. og TM líftryggingar hf.	samtals 71 málskot.
Váttryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf.	samtals 159 málskot.
Vörður tryggingar hf. og Vörður líftryggingar hf.	samtals 76 málskot.
Tjónsuppgjörsmiðstöð (Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi slf.)	samtals 3 málskot

Athygli er vakin á því að í einhverjum málskotum geta verið fleiri en einn varnaraðili og skýrir það fjölda málskota hér að ofan.

Í sjö málskotum greiddu erlendir varnaraðilar fyrir afgreiðslu nefndarinnar sérstaklega þar sem váttryggingafélög eða dreifingaraðilar sem þau málskot vörðuðu eru ekki aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja.

## 2.2 NEFNDARMENN, FJÖLDI ÚRSKURÐA ÞEIRRA OG SÉRSTAKAR VANHÆFISÁSTÆÐUR

Nefndarmenn í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum vegna ársins 2022 voru þessir:

Tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu: Þóra Hallgrímsdóttir, formaður, samtals 325 úrskurðir. Varamaður: Sóley Ragnarsdóttir, samtals 79 úrskurðir.

Tilnefnd af Neytendasamtökunum: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, samtals 378 úrskurðir. Varamaður: Jóhann Tómas Sigurðsson, samtals 26 úrskurðir.

Tilnefnd af Samtökum fjármálafyrirtækja: Heiða Óskarsdóttir, samtals 330 úrskurðir. Varamenn: Guðmundur Stefán Martinsson, samtals 33 úrskurðir, Anna Dögg Hermannsdóttir, samtals 39 úrskurðir og Margrét Arnheiður Jónsdóttir, samtals 2 úrskurðir.

Upplýsingar um sérstakt vanhæfi einstakra nefndarmanna á árinu 2022:

- Þóra Hallgrímsdóttir vegna allra málskota skjólstæðinga lögmannsstofunnar Fulltingis.
- Hildigunnur Hafsteinsdóttir vegna allra málskota sem tengjast váttryggingum sveitarfélaga í Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Heiða Óskarsdóttir vegna allra málskota sem tengjast Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum hf.
- Guðmundur Stefán Martinsson vegna allra málskota sem tengjast Sjóvá-Almennum tryggingum hf. eða Sjóvá-Almennum líftryggingum hf.
- Anna Dögg Hermannsdóttir vegna vegna allra málskota sem tengjast Váttryggingafélagi Íslands hf. eða Líftryggingafélagi Íslands hf.

Að öðru leyti geta nefndarmenn verið vanhæfir í öðrum málum vegna einstakra málskotsaðila eftir atvikum og meta nefndarmenn það í hverju máli fyrir sig í samræmi við ákvæði samþykka nefndarinnar um hæfi.

## 2.3 FJÖLDI ÚRSKURÐA (DEILUMÁLA) OG TEGUND KVARTANA SEM ÞEIR TENGJAST

Heildarfjöldi málskota sem barst úrskurðarnefnd í váttryggingamálum á árinu 2022 var samtals 435.

Vegna þeirra málskota hafa verið kveðnir upp samtals 404 úrskurðir. Við þessa ársskýrslugerð eru þrjú (3) mál opin vegna gagnaöflunar og hafa ekki verið kveðnir upp úrskurðir í þeim málum ennþá.

## 2.4 FJÖLDI MÁLA ÞAR SEM HÆTT VAR VIÐ OG ÁSTÆÐUR ÞESS

Málskotsaðilar drógu málskot til baka í samtals 28 málum af 435 vegna málskota ársins 2022 og eru ástæður þess aðallega að samningar náðust um lyktir málanna milli málskotsaðila og varnaraðila áður en til úrskurðar kom.

## 2.5 FJÖLDI ÚRSKURÐA EFTIR VÁTTRYGGINGARTEGUNDUM OG SAMANBURÐUR VIÐ ÚRSKURÐI FYRRI ÁRA

Hér fylgir yfirlit yfir fjölda úrskurða sem tengjast málskotum árána 2020-2022. Athygli er vakin á því málskot eru fleiri en úrskurðir þar sem á hverju ári er tiltekinn fjöldi málskota dreginn til baka af hálfu málskotsaðila, sbr. kafli 2.4 hér á undan. Í eftirfarandi töflu eru úrskurðir hvers árs flokkaðir en ekki málskot.

**Váttryggingartegundir:**

**Fjöldi úrskurða:**

Ábyrgðartryggingar og ýmsar  
atvinnurekstartryggingar

2020 2021 2022

	2020	2021	2022
Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs	123	132	118
Rekstrarstöðvunartryggingar			1
Húftryggingar vinnuvéla		1	
Lausafjártryggingar	4	2	
Verktryggingar		1	

Lögboðnar og frjálsar ökutækjatrýggingar

2020 2021 2022

	2020	2021	2022
Ábyrgðartryggingar ökutækis	114	126	111
Slysatryggingar ökumanns og eiganda ökutækis	19	22	22
ABÍ - tjónsuppgjörsmiðstöð	2	2	3
Kaskótryggingar ökutækis	12	11	10
Húftryggingar eftirvagns			1

Váttryggingar tengdar fasteignum og heimili

2020 2021 2022

	2020	2021	2022
Brunatryggingar húseigna	1	1	3
Fasteignatryggingar	23	26	27
Sumarhúsatryggingar	1		2

Fjölskyldutryggingar	31	45	23
----------------------	----	----	----

Greiðslukortatryggingar	19	3	15
-------------------------	----	---	----

Skipa, báta- og vélatrýggingar

2020 2021 2022

Smábátatryggingar		1	2
Véla- og tækjatrýggingar			1
Farmtryggingar		1	
Skipatryggingar		2	

Váttryggingar vegna dýra

2020 2021 2022

Dýratryggingar	3	3	
Landbúnaðartrygging	1	1	
Ábyrgðartryggingar vegna dýrahalds			1

Ýmsar persónutryggingar	2020	2021	2022
Launatryggingar			1
Sjúkdómatryggingar	1	4	3
Sjúkra- og slysatryggingar	4	2	1
Slysatryggingar	2	4	3
Starfstryggingar	6		2
Starfsörorkutryggingar	1	2	1
Líf- og söfnunarlíftryggingar	2	2	1
Heilutryggingar	1	1	
Barnatryggingar		1	
Sjúkrakostnaðartrygging innanlands	1	1	

Lög- og samningsbundnar persónutryggingar	2020	2021	2022
Slysatryggingar launþega	16	14	19
Slysatryggingar sjómanna	5	4	4
Áhafnartryggingar			1

Lögboðnar starfsábyrgðartryggingar	2020	2021	2022
Sjúklingatryggingar	9	8	8
Starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra	8	8	8
Starfsábyrgðartryggingar fasteignasala	6	10	10
Starfsábyrgðartryggingar lögmanna		3	
Starfsábyrgðartrygging leigumiðlara		1	
Starfsábyrgðartrygging bifreiðasala	2		
Starfsábyrgðartrygging hönnuða	1		
Ábyrgðartrygging farsala og flutningsaðila	2		

Aðrar starfsábyrgðartryggingar	2020	2021	2022
Starfsábyrgðartryggingar verk- og tæknifræðinga			2

**Samanlagður fjöldi úrskurða      420            445            404**

## 2.6 ALGENG DEILUMÁL MILLI NEYTENDA OG VARNARAÐILA Í ÚRSKURÐUM 2022

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fékk fjölmörg álitaefni til úrskurðar á árinu 2022 og þar reyndi á fjölda váttryggingartegunda, túlkun váttryggingarsamninga, lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og ýmsar bótareglur skaðabótaréttar.

Hér á eftir fylgir umfjöllun um algeng deilumál sem reyndi á í úrskurðum ársins 2022.

### 2.6.1 Ábyrgðartryggingar – skilyrði skaðabótaábyrgðar - vinnuslys

Flest deilumála vegna ársins 2022 eru mál sem varða það hvort váttryggður í ábyrgðartryggingum beri skaðabótaábyrgð í skilningi reglna íslensks skaðabótaréttar þannig að tjón falli undir hefðbundið

gildissvið ábyrgðartrygginga. Þannig er með einhverjum hætti ágreiningur um slíka ábyrgð í 144 úrskurðum nefndarinnar í úrskurðum frá árinu 2022 í ýmsum váttryggingartegundum, eða í um 37% allra úrskurða

Langflest slík mál koma upp í ábyrgðartryggingum vegna atvinnureksturs, eða í 95% af samtals 118 úrskurðum ársins 2022. Það þýðir 28% allra úrskurða nefndarinnar vegna ársins 2022. Vegna ábyrgðartrygginga atvinnureksturs reyndi á líkamstjón í um 62% úrskurða, munatjón í um 37% úrskurða og annað fjártjón eða afleitt tjón í 1% úrskurða. Af þessum málum er algengast að það reyni á skaðabótaábyrgð vegna vinnuslysa, eða í 40 úrskurðum sem telur um 10% allra úrskurða nefndarinnar vegna ársins 2022, samanborið við um 12% allra úrskurða hennar vegna ársins 2021.

### 2.6.2 Lögboðnar ökutækjatrýggingar – sakarskipting og orsakatengsl vegna ætlaðra líkamstjóna

Fjöldi ágreiningsmála sem tengist lögboðnum ökutækjatrýggingum á árinu 2022 er einnig nokkur, eða 111 mál vegna ábyrgðartryggingar og 22 mál vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda ökutækis. Vegna þessara lögboðnu ökutækjatrýgginga voru um 55% úrskurða vegna líkamstjóns og 45% vegna munatjóns. Algengustu deilumálin í umræddum váttryggingum eru vegna ágreinings um sakarskiptingu í árekstrarmálum samtals 49 úrskurðir, eða um 12% allra úrskurða nefndarinnar á árinu 2022, sem er sama hlutfall og árið 2021.

Einnig er algengt að það reyni sérstaklega á sönnun orsakatengsla vegna líkamstjóns vegna lögboðinna ökutækjatrýgginga en um það var fjallað í samtals 40 úrskurðum sem tengjast þeim váttryggingum, eða um 10% af heildarfjölda allra úrskurða ársins 2022 og var hlutfallið svipað á árinu 2021. Í langflestum slíkum málum er um að ræða svokallaða lágorkuárekstra þar sem váttryggingafélög bera því við að kraftar þeir sem leystust úr læðingi við váttryggingaratburð hafi ekki getað leitt til varanlegs líkamstjóns málskotsaðila og neita að greiða kostnað sem hlýst af sérhæfðum matsgerðum þar sem lagt er mat á orsakatengsl og mögulegar varanlegar afleiðingar líkamstjóns. Kostnaður við slíkar matsgerðir getur verið nokkur fyrir tjónþola í umferðarslysum og láta lögmenn þeirra því oft reyna á slík mál fyrir nefndinni.

Í þessum málum er ágreiningur um sönnun og beitingu sönnunargagna, svo sem sérstakra skýrslna sem gjarnan eru kenndar við PC-crash útreikninga. Nefndin hefur ekki fallist á það í úrskurðum sínum að eitt sönnunargagn, eins og slíkar skýrslur, geti verið ráðandi við mat á því hvort orsakatengsl hafi verið sönnuð hvað varðar ætluð líkamstjón. Í úrskurðum nefndarinnar hefur verið bent á að sönnunarbyrði hvíli almennt á þeim sem heldur því fram að orsakatengsl séu fyrir hendi, þ.e. aðallega á málskotsaðilum og er leyst úr deilumálum með tilliti til heildarmats á öllum sönnunargögnum. Þar skipta helst máli læknisfræðileg gögn um einkenni og læknisheimsóknir, endurhæfingu og möguleg tengsl fyrri heilsufar svo eitthvað sé nefnt.

### 2.6.3 Fjölskyldu- og fasteignatrýggingar

Algeng deiluefni í úrskurðum ársins 2022 vegna fasteignatrýgginga var greiðsluskyldu váttryggingafélaga vegna vatnstjóna, eða um 67% þeirra úrskurða þar sem reyndi á fasteignatrýggingu. Þarna má merkja aukningu frá um 53% úrskurða vegna vatnstjóna í fasteignatrýggingum vegna ársins 2021.

Vegna fjölskyldutrygginga má merkja nokkra fækkun milli árána 2021 og 2022 á fjölda úrskurða, samtals 23 úrskurðir á árinu 2022 samanborið við 45 úrskurði á árinu 2021. Fjölskyldutryggingar eru, eins og fasteignatrýggingar svokallaðar samsettar váttryggingar og getur þar því reynt á margar



váttryggingartegundir. Fleiri úrskurðir ársins 2021 fjölluðu um ágreining um gildissvið málskostnaðartryggingar (réttaraðstoðartryggingar) en á árinu 2022, eða frá 13 úrskurðum á árinu 2021 í 3 á árinu 2022. Einnig reynir helst á gildissvið innbútrygginga og slysatrygginga fjölskyldutrygginga en hlutfall mála sem varða þær váttryggingartegundir er svipaður milli ára.

## 2.7 FJÖLDI MÁLA VEGNA FRÁVÍSUNAR OG ÁSTÆÐUR FRÁVÍSUNAR


Fjórum málum ársins 2022 lauk með frávísun. Í þremur málum voru ástæður frávísunar þær að mál varðaði ágreining sem ekki heyrði undir starfssvið nefndarinnar í skilningi b. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Þau mál vörðuðu öll ágreining um bótafjárhæðir og váttryggingaratburði sem urðu fyrir 1. janúar 2022. Í þessum málum lá ekki fyrir samþykki varnaraðila um að nefndin fjallað um slíkan ágreining, sbr. orðalag fyrri samþykktar nefndarinnar. Skýrt kemur fram í 22. gr. núgildandi samþykktar að þær gildi einungis um ágreining vegna váttryggingaratburða sem eiga sér stað 1. janúar 2022 og síðar og féll ágreiningur í fyrrnefndum málum því ekki undir starfssvið nefndarinnar.

Fjórða málinu var vísað frá með vísan til a-liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. 3. mgr. 4. gr. samþykktar nefndarinnar.

## 2.8 FJÖLDI MÁLA ÞAR SEM ÚRSKURÐAÐ ER MÁLSKOTSAÐILA Í VIL AÐ HLUTA EÐA Í HEILD EÐA VARNARAÐILA Í VIL ÁSAMT NIÐURFELLDUM MÁLUM

Í 13. gr. samþykktar nefndarinnar kemur fram að nefndin skuli endurgreiða málskotsgjald ef mál falla málskotsaðila í vil að öllu leyti eða að hluta, eða ef mál falla niður með samkomulagi eða sátt aðila.

Af 435 málskotum féllu mál málskotsaðila í vil í heild eða að hluta í 29% tilvika eða í 117 úrskurðum og í 71% tilvika, eða í 287 úrskurðum náðu kröfur málskotsaðila ekki fram að ganga. Samtals 28 mál féllu niður með samkomulagi eða sátt aðila og þremur málum er enn ólokið. Hlutfall síðustu ára hefur verið mjög svipað.



## 2.9 MEÐALLENGD MÁLSMEÐFERÐAR

Á árinu 2022 var meðallengd málsmeðferðar mála um níu vikur, þ.e. frá því að málskot er fyrst mótttekið hjá nefndinni þar til úrskurður liggur fyrir.

Athygli er vakin á því að í 8. gr. samþykktum nefndarinnar frá 1. janúar 2022 segir að þegar málskot berst skal nefndin senda gögn málskotsaðila til varnaraðila til umsagnar og fær varnaraðili þrjár vikur til að skila umsögn og eftir atvikum frekari gögnum. Sú umsögn ásamt gögnum er síðan send til málskotsaðila sem fær sjö daga til að koma á framfæri frekari athugasemdum sínum við nefndina. Ef málskotsaðili gerir slíkar athugasemdir eru þær sendar varnaraðila sem fær aðra sjö daga til að veita frekari svör. Nefndinni er síðan heimilt að veita aðilum rýmri fresti en tilgreindir eru í 8. gr., en þó innan hæfilegra marka. Gagnaöflun frá því að málskot berst til nefndarinnar getur því tekið um fimm vikur áður en mál er tekið fyrir af nefndarmönnum.

Málsmeðferðartími var styttri í fyrri samþykktum, en þær gerðu einungis ráð fyrir því að varnaraðili hefði tvær vikur til gera athugasemdir við málskot og nefndin hafði það verklag síðustu árin að senda athugasemdir varnaraðila til málskotsaðila áður en málin voru tekin fyrir af nefndarmönnum. Á árunum 2020 og 2021, áður en samþykktum var breytt, var meðallengd málsmeðferðar um fimm vikur.

## 2.10 Í HVE MIKLUM MÆLI FARIÐ ER EFTIR ÚRLAUSNUM ÚRSKURÐARNEFNDARINNAR, NÖFN ÞEIRRA VARNARAÐILA SEM EKKI HLÍTA ÚRSKURÐUM

Af 404 úrskurðum ársins 2022 höfnuðu varnaraðilar að hlíta 23 úrskurðum sem hér segir:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. - 6 úrskurðir.


TM tryggingar hf. – 3 úrskurðir.

Váttryggingafélag Íslands hf. – 5 úrskurðir.

Vörður tryggingar hf. – 7 úrskurðir.

Erlent váttryggingafélag – 1 úrskurður

Þetta þýðir að 20% úrskurða sem féllu málskotsaðila í vil að hluta eða öllu leyti ákváðu varnaraðilar að hafna að hlíta en voru bundnir af 80% þeirra á árinu 2022. Ekki hafa orðið miklar breytingar á þessu hlutfalli síðustu ár.



Í 6. mgr. 10. gr. samþykktu nefndarinnar kemur fram að úrskurður sé bindandi fyrir varnaraðila nema hann tilkynni málskotsaðila og nefndinni sannanlega innan fjögurra vikna að hann muni ekki hlíta

honum og þarf varnaraðili að færa rök fyrir þeirri afstöðu sinni. Nefndin vekur hér með athygli á mikilvægi þessa rökstuðnings af hálfu varnaraðila.

### 2.11 ÞÁTTTAKA Í SAMSTARFSNETUM ÚRSKURÐARAÐILA UTAN DÓMSTÓLA SEM GREIÐA FYRIR LAUSN DEILUMÁLA YFIR LANDAMÆRI.

Nefndin hefur ekki verið virk í samstarfsnetum vegna ársins 2022.

## 3. LOKAORÐ

Ársskýrsla þessi er unnin í samræmi við 18. gr. samþykka úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 900/2019 um viðurkenningu frjálsra úrskurðaraðila á viði neytendamála og geymir upplýsingar um þau atriði sem upplýsa skal árlega um. Í skýrslunni eru einnig frekari upplýsingar um starfsemi nefndarinnar sem ekki er skylt að upplýsa um en gæti gagnast neytendum, lögaðilum og varnaraðilum sem hafa skotið málum til nefndarinnar eða hyggjast gera það.

Reykjavík, 22. maí 2023.

f.h. úrskurðarnefndar í váttryggingamálum,

Þóra Hallgrímsdóttir, formaður.